

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 29. mars 2016
UST201602-256/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi gististaðar að Rauðsbakka, Rangárþingi eystra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir gististað á Rauðsbakka, Austur-Eyjafjöllum.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið sem er 5,7 ha er staðsett á jörðinni Rauðsbakki, sem liggur 1.600 m fyrir sunnan Þjóðveg 1 undir Eyjafjöllum. Svæðið er 1 km frá strandlínu og Bakkakotsá rennur 60 m austan við skipulagssvæðið.

Umhverfisáhrif


Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu gerir ofangreind tillaga ráð fyrir framkvæmd sem er tilkynningaskyld samkvæmt flokki B, lið 1.01 skv. 1. viðauka í lögum nr. 106/2000.


Landslag og ásjón

Umhverfisstofnun tekur undir að ofangreind tillaga mun neikvæð áhrif á ásjón svæðisins, þar sem framkvæmdir verða vel sýnilegar á flötu landi. Umhverfisstofnun bendir á að litaval og efnisval geta mildað neikvæð sjónræn áhrif á umhverfið.

Ofangreint skipulagssvæði er staðsett á landbúnaðarlandi. Á svæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá, né eru á svæðinu vistkerfi eða jarðminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur